

BRÁÐABIRGÐALÖG

124

17. ágúst

um radió-senditæki.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að nauðsyn beri til að koma nú þegar í veg fyrir, að radió-senditæki séu notuð til að stofna hlutleysi ríkisins í hættu og tryggja itarlegra eftirlit með þessu en nágildandi lög gera ráð fyrir.

Með því að ráðuneytið fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Engir aðrir en þeir, sem heimild hafa til þess frá póst- og símamálastjórninni, mega eiga eða hafa í vörzlum sínum eftir 31. ágúst 1940 radió-senditæki eða hluti, sem eru sérstaklega ætlaðir í slík tæki.

Til radió-senditækja teljast öll tæki, sem ætluð eru til að framleiða rafsveiflur með hárrí títíni (yfir 20000 ríð á sekúndu).

Einnig er bannað að aðstoða menn við að setja saman radió-senditæki án heimildar eða að afla hluta til þeirra eða að hvetja menn beint eða óbeint til þessa.

2. gr.

Nú á maður eða hefir í vörzlum sínum einhver slík tæki, sem nefnd eru í 1. gr., og skal hann þá þegar í stað tilkynna póst- og símamálastjórninni það og afhenda henni tækin eða tækjahlutana eftir því, sem hún þá mælir fyrir um. Komi endurgjald til greina, fer það eftir mati póst- og símamálastjórnarinnar.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða refsingu samkvæmt ákvæðum 91. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. ágúst 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.
Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.
 (L. S.)

Ólafur Thors.